

Nd.

57. Frumvarp

til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

(Frá sparnaðarnefndinni).

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson og Þorl. Guðmundsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Ástæður.

Fjárbagur ríkisins er komin í hið mesta öngþveiti. Skuldir þess aukast ár frá ári og nema nú um 15 miljónum króna. Stórkostlegur tekjuhalli á síðustu fjárlögum, þrátt fyrir síaukna skatta á þjóðinni. Gjaldþoli hennar nú þegar nóg bæðið og lánstrausti ríkisins teflt í tvísýnu. Efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar má því telja í hættu statt, en með því stendur og fellur stjórnarlegt sjálfstæði hennar.

Sparnaður á öllum sviðum þjóðarþúskaþarins er eitt aðalþjargráðið í þessum vandræðum. Frá þjóðinni hafa aldrei komið jafnákveðnar sparnaðarkröfur til Alþingis eins og að þessu sinni. Að því leyti virðist hún tekin að þekkja sinn vitjunartíma, og þá ættu fulltrúar hennar á Alþingi ekki síður að þekkja hann.

Útgjöld ríkisins til embættis- og starfsmanna þess hafa hækkað ár frá ári; veldur því bæði dýrtið og stöðug fjölgun opinberra starfsmanna. Þessi útgjöld gleypa nú upp undir helming allra ríkisteknanna.

Eina ráðið til að minka þessi útgjöld er fækkun embættis- og starfsmanna ríkisins, þar sem hún má verða án verulegs бага fyrir þjóðfjelagið og gerð í því augnamiði að sniða útgjöldin, meir en hingað til, eftir efnun og ástæðum þjóðarinnar.

Af þessari nauðsyn er frumvarp þetta fram borið, en hinsvegar teljum vjer nauðsyn þessa embættis ekki svo brýna, að ekki sje gerlegt að afnema það eins og nú er ástatt.

Í aðalatriðunum mun sparnaðarnefndin láta þessa greinargerð duga fyrir öðrum þeim sparnaðartillögum, er hún flytur.